



Virkjum hæfileikana – alla hæfileikana!

Með afhendingu þessarar öskju, sem er tákn fyrir samstarfsverkefni Vinnumálastofnunar, Öryrkjabandalags Íslands og Landssamtakanna Þroskahjálpar, bindum við vonir við að vinnustaðir undir þinni umsjá sjái tækifæri í að ráða atvinnuleitendur með skerta starfsgetu í störf. Við ráðningu felast möguleikar á stuðningi frá ráðgjöfum Vinnumálastofnunar og vinnusamningi öryrkja. Stuðningurinn getur falist í þjálfun, stuðningi og eftirfylgni á vinnustað. Með gerð vinnusamninga öryrkja fá launagreiðeiðendur endurgreiðslu að hluta af launum og launatengdum gjöldum. Hægt er að ráða í hlutastörf og fullt starf á slíkum samningi.

Hópur atvinnuleitenda með skerta starfsgetu sem er á skrá hjá Vinnumálastofnun er mjög fjölbreyttur. Allir eiga það þó sameiginlegt að vilja vera virkir í samfélaginu og fá tækifæri til að vinna. Á heimasíðu Vinnumálastofnunar er starfagátt þar sem fyrirtæki geta óskað eftir starfsfólki með skerta starfsgetu: <http://www.vinnumalastofnun.is/virkjum-haefileikana-alla-haefileikana>

Með von um ánægjulegt samstarf.

Landssamtökin Þroskahjálpar

Vinnumálastofnun

Öryrkjabandalag Íslands